

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 194/1999 um kattahald í Hafnarfirði.

1. gr.

Við 3. gr. bætist við ný málsgrein sem orðist svo:

Bæjarstjórn getur samþykkt að merkt verði ákveðin svæði, þar sem óheimilt er að vera með ketti og er heimilt að fanga ómerkta sem merkta ketti, er ganga lausir á slíkum svæðum.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 3. mars 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.